

Utanríkismálanefnd Alþingis
nefndasvid@althingi.is

10. febrúar 2014.

Umsögn um tillögu til ályktunar Alþingis
um aukið samstarf við Fjæreyjar og Grænland á sviði heilbrigðisþjónustu.
Þingskjal 44 – 44. mál. 143. löggjafarþingi 2013—2014.

Tillaga Utanríkisnefndar er svo hljóðandi:

»Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera samninga við stjórnvöld Fjæreyja og Grænlands um aukið samstarf á sviði heilbrigðisþjónustu, einkum hvað varðar skurðlækningar. Sérhæfing hvers lands á mismunandi sviðum skurðlækninga verði nýtt þar sem því verður við komið. Skorað er á heilbrigðisráðherra landanna að útvíkka slíkt samstarf til annarra sviða og ná samkomulagi um þátttöku allra landanna þannig að þau geti bæði verið veitendur og viðtakendur þjónustunnar.«

Athugasemdir:

1. Lagt er til, að auk framangreindrar tillögu um »aukið samstarf á sviði heilbrigðisþjónustu« mæli Utanríkismálanefnd fyrir, að ríkisstjórnin geri samninga við stjórnvöld í Fjæreyjum og Grænlandi um aukin fjárhagsleg framlög, til að gera sjúklinga-félögum landana kleyft að efla samstarf sitt.
2. Auk venjulegra mannlegra samskipta, er aðkallandi að styðja við rannsóknir á sjúkdómum, hvað varðar sjúkdómsgreiningar, hjúkrun, erfðafræði sjúkdóma og líffræði sjúkdóma. Engir hafa meiri þekkingu og nánd við sjúkdóma en sjúklingarnir sjálfir. Sjúklinga-stýrðar rannsóknir á sjúkdómum eru lykilatriði í nútímanum.
3. Glíman við MND-hreyfitauga sjúkdóminn, er dæmigert viðfangsefni sem þarfnast fjárstuðnings og að miklu gagni kæmi samstarf Íslands, Fjæreyja og Grænlands. Árlega halda Norrænu MND-félögin ráðstefnur og nærsta Norræna ráðstefna MND-félaganna verður haldin á Íslandi, dagana 29.-30 ágúst 2014. Á þessum Norrænu ráðstefnum hefur ekki ennþá sést einn einast fulltrúi frá vinum okkar í Fjæreyjum og Grænlandi. Hins vegar má vænta gesta frá fjarlægum löndum. Hví ekki að leggja áherðslu á samvinnu við Fjæreyjar og Grænland á þeim sviðum þar sem samvinnu er mest þörf?

Með kveðju.

Loftur Altice Þorsteinsson, verkfræðingur og vísindakennari.
hlutverk@simnet.is